

Gæðastefna Sýnis

Stefnan lýsir því hvernig tryggt er að starfsfólk Sýnis vinni ávallt að öllum verkefnum og þjónustu fyrirtækisins í samræmi við skjalfest innra verklag sem tekur m.a. mið af gildandi lögum og reglugerðum. Gæðastefnan nær til allrar starfsemi Sýnis sem tryggir að allt starfsfólk þekki gæðastefnu fyrirtækisins, skilji og hafi hana að leiðarljósi í starfi sínu.

Gildi Sýnis eru:

- **Áreiðanleiki og traust**
- **Forysta og frumkvæði**
- **Fagmennska og færni**
- **Samvinna og samkennd**
- **Lausnamiðuð og sveigjanleg**

Stefna Sýnis í gæðamálum er sú að fyrirtækið sé viðurkenndur aðili til prófana, ráðgjafar og fræðslu og uppfylli þær kröfur sem gilda um starfssvið þess og gerðar eru til slíkra prófunarstofa og þjónustu, hvort sem um opinberar gæðakröfur (Íslenskar eða alþjóðlegar) er að ræða eða frá viðskiptavinum.

Það er stefna Sýnis að veita bestu fánlegu þjónustu á sviði prófunar og ráðgjafar fyrir matvælaíðnað. Prófunarstofa og ráðgjafasvið fylgja þeim reglum um trúnað, óhlutdrægni og sjálfstæði sem settar eru og munu verða settar um faggiltar prófunarstofur og ráðgjafasvið.

Prófunarstofan og ráðgjafasvið leggja áherslu á að hafa ávallt í starfi hæft og vel þjálfað starfsfólk og hafa yfir að búa viðeigandi tækjabúnað og fullnægjandi aðstöðu til þess að sinna öllum verkefnum af kostgæfni. Þá er lögð rík áhersla á viðeigandi menntun og reynslu starfsfólks í þau störf sem þess krefjast.

Það er markmið Sýnis að veita þjónustu sem er samkeppnisfær m.t.t. faglegra krafna og afgreiðslutíma við sambærilegar prófunarstofur og þegar þörf er á að ganga lengra í að þjónusta viðskiptavinum með því að reyna eftir fremsta megni að koma til móts við þarfir þeirra hverju sinni.

Í þeim tilgangi að framfylgja gæðastefnu fyrirtækisins mun Sýni leggja áherslu á að:

- Tryggja að starfsemi fyrirtækisins uppfylli lagalegar kröfur.
 - Fylgjast með löggjöf, nýjungum og þróun sem snertir þjónustusvið þess.
- Byggja orðspor sitt á trúverðugleika og leggja sig fram í að vera áreiðanleg í öllum samskiptum og starfi.
- Starfrækja virkt gæðastjórnunarkerfi.
 - Framfylgja og viðhalda verklagsreglum.

- Tryggja árlega framkvæmd á rýni stjórnenda og á ferlum.
 - Vinna stöðugt að því að finna og afmarka nauðsynleg ferli og innleiða þau í starfseminni.
 - Vakta og mæla ferla til að tryggja virkni þeirra.
 - Vinna stöðugt að forvörnum og umbótum í starfseminni.
 - Innleiða þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að ná tilætluðum árangri.
 - Tryggja samræmt, gagnsætt og skilvirt eftirlit.
- Hafa menntað og þjálfað starfsfólk í vinnu sem sýnir fagþekkingu, færni, metnað og frumkvæði við störf sín.
 - Viðhalda menntun og þjálfun starfsfólks og reyna eftir fremsta megni að viðhalda þeirri reynslu og þekkingu sem er til staðar.
 - Tryggja að allir starfsfólk sé upplýst um gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins og hafi aðgang að öllum skjölum sem tengjast starfsviði viðkomandi starfsfólks.
 - Stuðla að ánægju starfsfólks og vellíðan í starfi.
- Sýna frumkvæði og metnað í stöðugri leit að bættri þjónustu.
 - Tryggja að veitt sé sem best þjónusta og koma til móts við þarfir viðskiptavina.
 - Notaða einungis viðurkennda undirverktaka í sérverkefnum.
 - Vera opin, upplýsandi, stuðningsrík og sýna samkennd og örlæti í samvinnu.
 - Aðlaga sig hratt og örugglega að breyttum aðstæðum og vera lausnamiðuð og sveigjanleg í samstarfi.
- Tryggja að unnið sé með allar niðurstöður þjónustumælinga af óhlutdrægni og farið sé með þær sem trúnaðarmál.

Prófunarstofan

Prófunarstofan ætlar að uppfylla kröfur staðalsins **ÍST EN ISO/IEC 17025**.

Ráðgjafasvið

Ráðgjafasvið ætlar að uppfylla kröfur staðalsins **ISO 9001**.